

## Athugasemd frá Andrésí Friðjónssyni

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : sakki@simnet.is  
**CC** : evajonsdottir@actavis.com  
**Heiti** : Athugasemd frá Andrésí Friðjónssyni  
**Málsnúmer** : 1211376  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 25.04.2018 22:42:23  
**Höfundur** : sakki@simnet.is

Sæl,

Við undirrituð íbúar í Hlíðarási 11, Hafnarfirði, gerum athugasemdir við lagningu Ásvallabrautar í það vegstæði sem nú liggur fyrir í nýju deiliskipulagi og gerum ýmsar athugasemdir við þær tillögur og þau rök sem sett hafa verið fram í kynningu á tillögunni .

Við teljum að framkvæmdin sé skammsýn og rýri til muna verðgildi fasteigna í Áslandi 3 ásamt því að rýra loftgæði og hljóðvist í hverfi sem státar af því að vera í jaðri fallelgrar náttúru. Hverfið hefur alla burði til að skapa Hafnarfjarðarbæ umtalsverðar tekjur í framtíðinni sem vistvænt og náttúruvænt hverfi sem er fjarri stórum umferðaræðum og stofnbrautum. Í framtíðar deiliskipulagi sést að hverfið mun byggjast upp í suðurátt í átt að Hvaleyrarvatni. Með lagningu Ásvallabrautar í núverandi vegstæði verður þung stofnbraut í gegnum mitt hverfið og rýrir þar með verðgildi lóðanna og dregur úr eftirspurn þeirra.

Önnur sveitarfélög hafa unnið að því að hanna stofnbrautir og stærri vegi í jaðri hverfa en ekki klúfa þau í sundur.

Hesthúsin í Hlíðarþúfum virðast hafa töluverð áhrif á legu Ásvallabrautar og hversu nálægt byggðinni hún er fyrirhuguð og hversu langt sunnan við hesthúsin hún þarf að fara samkvæmt tillögum ykkar og því vil ég spyrja Hafnarfjarðarbæ

1. Hversu lengi sjáið þið fyrir ykkur að hesthúsin verði í Hlíðarþúfum eða verði færð á Sörlastaði ?
2. Hvers vegna sáum við ekki tillögu sem sýndi brautina sunnan við hesthúsin en nær þeim þar sem mun minni halli er í landinu ?

Í ábatagreiningu sem bærinn lét gera til að réttlæta framkvæmdina kom fram að mikill ávinningur virðist vera af brautinni og arðsemi og þá sérstaklega ef ofanbyggðavegar nyti ekki við og því vil ég spyrja að eftirfarandi

1. Er Ásvallabrautin hugsuð til að minnka álag á Reykjanesbraut í framtíðinni og stýra flæði umferðar í auknu mæli gegnum Skarðshlíð og Ásland 3 ?
2. Hvaða ábati er fyrir okkur í Áslandi 3 ef þetta eykur umferðarþunga og biðtíma út úr okkar hverfi og rýrir ýmsa aðra þætti eins og aðgengi að útivist , mengun , hljóðvist og fasteignaverð ?
3. Var reiknað með nýjum gatnamótum við Reykjanesbraut í skýrslunni um arðsemina ?
4. Getið þið fært betur skilgreind rök fyrir því að ekki sé talinn þörf á fjórum akreinum þar sem tenging við Ásland III hafi verið felld út og tengingu við Kaldárselsveg og Elliðavatnsveg breytt. Við getum ekki séð að þessi breyting hafi svo mikil áhrif að þörf fyrir fjórar akreinar falli niður í tvær.

Með einfaldri tímamælingu og upplýsingum úr skýrslunni um ferðatíðni komst ég að því að íbúi í Skarðshlíð sparar sér á einu ári 9500 hringtorg og 52 klst með því að nota nýju leiðina og nýju gatnamótin í stað þeirrar gömlu. Það er alvöru sparnaður án Ásvallabrautar , hvernig ætlið þið að reikna út okkar arðsemi ?

Einnig gerum við athugasemd við mat á umhverfisáhrifum. Deiluskipulagið er talið hafa áhrif á umhverfisþættina samgöngur, lýðheilsu, útivist, byggðarmynstur og ásýnd. Í umhverfismatinu er aðeins talið að um nokkuð neikvæð áhrif

sé að ræða á landslag og ásýnd en mat fyrir lýðheilsu og útivist er talið hlutlaust. . Einnig hefur lagning Ásvallarbrautar í þeirri mynd sem liggur fyrir í dag neikvæð áhrif á lýðheilsu og útivist bæjarbúa þar sem ekki hefur komið fram með hvaða hætti aðgengi íbúa að útivistarsvæðum í útjaðri byggðar verði tryggður þar sem hvorki er gert ráð fyrir undirgöngum né göngubrú yfir Ásvallabraut. Aðeins er talað um tengingu hverfa með göngu-/hjólástíg norðan Ásvallabrautar. Talað er um Græna Trefilinn í greinagerðinni með deiluskipulaginu en skv. skýslu til stjórnar sambands sveitafélaga höfuðborgarsvæðisins um Græna trefilinn er gert ráð fyrir Grænum stíg sem ætti að tengja íbúabyggð við útivistarsvæði í útjaðri byggðar ásamt því að tryggja að stígurinn sé öruggur fyrir annarri umferð. Við myndum gjarnan vilja sjá hvaða tillögur liggja fyrir tengt þessu.

Eins og fyrr segir þá mótmælum við þessu deiluskipulagi og óskum eftir því að bærinn taki þessa framkvæmd af dagskrá og skipuleggi skynsamlega legu hennar í takt við framtíðar íbúðahverfi og endanlega ákvörðun annarra sveitarfélaga um lausn á umferðarvandnum og staðsetningu umferðarmannvirkja.

Bestu þakkir,  
Eva Lind Jónsdóttir og Andres Viðar Friðjónsson